



Reykjavík 1. desember, 2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi – 107. mál

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi [SFS] hafa borist til umsagnar tillaga að þingsályktun um að efla ræktun á orkujurtum. Í tillögunni kemur meðal annars fram að: „*Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp til að móta og hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun um efnahagslega hvata sem styrkja forsendur fyrir ræktun orkujurtanna repju (*Brassica campestris*) og nepju (*Brassica rapa*) í þeim tilgangi að framleiða eldsneyti (bíódísil) sem notað verði á skip í stað jarðefnaeldsneytis.*“ Þótt ekki verði ráðið af texta tillögunar hvort eingöngu sé átt við fiskiskip, þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu samtakanna til tillögunar. Íslenskur sjávarútvegur notar enda um 130 þúsund tonn af eldsneyti árlega og því er til mikils að vinna með því að draga úr notkuninni.

Sé horft nokkra áratugi aftur í tímann sést að olíunotkun í sjávarútvegi hefur dregist stórlega saman. Ef miðað er við árið 1990 þá hefur olíunotkun fiskiskipa dregist saman um 80 þúsund tonn. Ýmsir samverkandi þættir hafa leitt til þessa. Má þar helst nefna fyrirkomulag á fiskveiðum við Ísland, svo kallað kvótakerfi, sem hefur leitt til þess að helstu fiskistofnar eru sterkari og auðveldar það sóknina. Tækniframfarir hafa verið örar, skipum hefur fækkað en afkastameiri skip hafa bæst í flotann sem brenna minna af olíu við að ná í sama magn afla og áður.

Fyrirtæki innan vébanda SFS settu sér á haustdögum stefnu í samfélagsábyrgð. Í henni má finna fjölmargt sem til framfara horfir og einn liðurinn lýtur að því markmiði að draga úr olíunotkun og almennt að minnka kolefnisfótspor í sjávarútvegi.

Sem dæmi um önnur skref má nefna útskiptingu á kælimiðlum en þar er einnig til mikils að vinna. Til að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum eru fyrirtæki hvött til þess að mæla og meta losunina og nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti. Stefnan miðast ekki eingöngu við sjósókn, skip og báta, því hún nær til allrar starfsemi fyrirtækjanna. [Nánar má lesa um stefnuna hér.](#)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi taka undir með flutningsmönnum um að æskilegt sé að kanna fýsileika þess að efla ræktun á repju og nepju, sem hugsanlega megi nota til þess að knýja skip og önnur vélknúin tæki. Þá má einnig taka undir það markmið, eins og lesa má úr tillögunni, að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Að mati samtakanna þarf þó að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- Loftslagsávinningur er mismikill eftir því hvar ræktunin fer fram og meta þarf raunverulegan loftslagsávinning á hverju svæði fyrir sig.



- Orkuinnihald lífdísils er um 8,5% lægra en jarðdísils og sá fyrrgreindi er auk þess dýrari. Því er mikilvægt að verð á lífdísil verði samkeppnishæft við verð á jarðefnaeldsneyti.
- Loftslagsvæn tækni og orkuskipti við fiskveiðar eru skammt á veg komin á heimsvísu og alls er óljóst hvernig ESB og nágrannaþjóðir munu bregðast við. Íslenskur sjávarútvegur er útflutningsgrein og á í harðri samkeppni á alþjóðlegum vettvangi. Við framleiðslu á lífdísil verður því að hafa í huga að ekki má skerða samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja með óraunhæfum væntingum um notkun á honum.

Að lokum ítreka samtökin að ráðast verður í ítarlegri skoðun á því hvort einhverjir tæknilegir annmarkar séu á brennslunni. Þá þarf einnig að ganga úr skugga um raunverulegan loftslagsávinning af ræktun og brennslu, að verð á lífdísil sé samkeppnishæft og hafi ekki íþyngjandi áhrif á getu sjávarútvegsfyrirtækja til að standast samkeppni á alþjóðlegum markaði.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum

